

# Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Hveragerði

---

## 1.gr.

### Markmið með akstursþjónustu

Markmið með akstursþjónustu fyrir eldri borgara er að gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður og komast ferða sinna gegn viðráðanlegu gjaldi. Reglur þessar eru settar með vísan til markmiðs ákvæða 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

## 2. gr.

### Réttur til þjónustu

Umsækjendur um akstursþjónustu þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hveragerði
- Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri
- Umsækjandi skal búa utan stofnana

Eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til lengri tíma á sjúkrahúsi, á dvalarheimili eða á hjúkrunarheimili, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

Um akstursþjónustu eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum um ferðaþjónustu fatlaðra.

Velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar er heimilt að óska eftir nánari gögnum og/eða upplýsingum um umsækjenda, með hans samþykki.

### **3. gr.**

#### **Umsóknarferli fyrir akstursþjónustu**

Umsókn um akstursþjónustu skal berast Velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænu formi sem nálgast má í íbúagátt bæjarins.

Umsókn skal metin svo fljótt sem auðið er á grundvelli skilyrða skv. 2. gr. en auk þess skal metinn möguleiki umsækjanda til að nýta sér almenningsamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Sé umsókn samþykkt fær umsækjandi afhent aksturskort sem ber að framvísa við akstur.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins til akstursþjónustu.

### **4. gr.**

#### **Framkvæmd akstursþjónustu**

Akstursþjónusta miðast við ferðir innan Hveragerðis á tilgreindum þjónustutíma.

Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir á mánuði. Akstur er í boði alla virka daga frá kl. 8:00 – 18:00.

Akstursþjónusta skal veitt til að sækja sérhæfða lækni-, hjúkrunar-, og félagsþjónustu á Selfossi ef þess gerist þörf gegn herra gjaldi.

Ein ferð er skilgreind sem akstur á milli tveggja staða.

## 5. gr.

### Tilhögun ferða

Handhafar aksturskorta geta pantað ferðir hjá bifreiðastöð sem Hveragerðisbær hefur gert samning við. Panta verður ferð tímanlega þar sem að ekki er hægt að ganga að því vísu að bílstjóri sé laus með stuttum fyrirvara.

Notendur akstursþjónustunnar skulu huga að því að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðastjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur ef þörf er á. Ekki er tryggt að bíll bíði sé notandi ekki tilbúinn. Miðað er við að biðtími notenda akstursþjónustunnar skuli að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma. Bifreiðastjóri bíður ekki á meðan notandi sinnir erindum og óheimilt er að biðja bifreiðastjóra um að sinna erindum fyrir sig.

Notanda akstursþjónustunnar er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann en ber að taka það fram þegar ferð er pöntuð. Aðstoðarmaður greiðir sama gjald og notandi.

Notendur skulu kvitta fyrir þjónustu á þar til gert eyðublað sem bifreiðastjóri er með.

## 6. gr.

### Gjaldtaka

Notendur akstursþjónustu greiða bifreiðastjóra gjald fyrir hverja ferð skv. gjaldskrá um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Hveragerðisbæ. Séu fleiri en einn notandi í sömu bifreið skulu allir notendur greiða umsamið gjald.

## **7. gr.**

### **Undanþágur**

Fræðslu- og velferðarnefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til fræðsluog velferðarnefndar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun fræðslu- og velferðarnefndar Hveragerðis skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## **8. gr.**

### **Málsmeðferð**

Umsækjandi getur kært ákvörðun fræðslu- og velferðarnefndar Hveragerðis til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fræðslu- og velferðarnefndar Hveragerðis.

## **9. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar voru samþykktar á fundi Velferðar- og fræðslunefndar þann 9. apríl 2024 og á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 08. maí 2024, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Hveragerði sem samþykktar voru í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 9. janúar 2020.